# HAFNARTANGI Á BAKKAFIRÐI

***áningarstaður við ysta haf***

*DEILISKIPULAG*




ÍSNET93 kortagrunnur Langanesbyggðar
Hæðarlínur 2 m




Þéttbýlisuppdráttur Bakkafjarðar m.kv. 1:10.000 (til skýringar)
Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027

## VIÐFANGSEFNI OG FORSENDUR

Deiliskipulag Hafnartanga á Bakkafirði er sett fram í greinargerð þessari og skipulagsuppdrætti. Það var unnið á Teiknistofu Norðurlands í samstarfi við verkefnið Betri Bakkafjörður og fyrir hönd Langanesbyggðar. Bakkafjörður er skilgreindur sem brothætt byggð og er deiliskipulagið mikilvægur liður til að styrkja innviði samfélagsins. Með bættri aðstöðu styrkist aðdráttarafl Bakkafjarðar og grundvöllur fyrir ferðafólk að dvelja á svæðinu. Skipulagssvæðið er um 4,2 ha á tanganum á Bakkafirði en skipulagsmörk miðast við strandlengjuna og götu við Hafnargötu og Kötlunesveg. Þar eru íbúðarhús og atvinnuhúsnæði þar sem rekin er ýmis starfsemi. Nyrst á tanganum er Halldórshús (Kaupfélagshúsið) sem er elsta byggingin á Bakkafirði og gamla höfnin sem ber vott um sögu og uppruna þéttbýlisins. Gamla höfnin er ekki nýtt í dag þar sem hafnarstarfsemi hefur nú færst á Bakkafjarðarhöfn sunnan við þéttbýlið. Svæðið nýtur nálægðar við sterk náttúruöfl og hefur menningarsögulegt gildi um sögu verslunar og sjósóknar við Bakkafjörð. Brim er talsvert við Bæjarvíkina og gömlu höfnina en tekið er tillit til staðhátta við skipulag svæðisins.

Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins eru:

- Skilgeining á lóðarmörkum
- Aðkoma að svæðinu og bílastæði
- Göngustígar um svæðið
- 1 ný lóð og byggingarreitur fyrir salernisaðstöðu
- Svæði fyrir náttúrulaug
- Dvalarsvæði, ásýnd svæðisins, gróður og lýsing

Viðfangsefni deiliskipulagsins eru í samræmi við stefnur Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027 um að efla miðsvæðin með þjónustu, aðlaðandi umhverfi og góðu aðgengi og að ferðaþjónusta verði efld og fjölbreytni aukin. Skipulagssvæðið er á landnotkunarreitum fyrir miðsvæði, athafnasvæði og opið svæði til sérstakra nota skv. gildandi aðalskipulagi. Á hluta skipulagssvæðisins er í gildi deiliskipulag athafnasvæðis á Bakkafirði sem tók gildi árið 1997 en það fellur úr gildi með gildistöku skipulagsins.

## DEILISKIPULAGSÁKVÆÐI

### *Lóðir*

Mikilvægt er að allar lóðir og byggingar á svæðinu, umhverfi þeirra og nýbyggingar styrki ásýnd bæjarins. Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við gildandi byggingarreglugerð. Farga skal öllu rusli og brotajárni á viðeigandi hátt og skal almenn umhirða vera góð. Á opnum svæðum skal planta gróðri til að milda umgjörð svæðisins og mynda skjólgóð bæjarrými.

Í skipulaginu eru skilgreindar tegundir lóða þ.e. ýmist fyrir atvinnuhúsnæði, íbúðarhús, verslun og þjónustu. Gæta skal þess að starfsemi á lóðum fyrir verslun og þjónustu á Hafnartanga sé hreinleg og samræmist yfirbragði og eðli starfsemi á miðsvæði. Dæmi um starfsemi á þeim lóðum er verslun, skrifstofur, veitingahús, gistiheimili og önnur menningartengd starfsemi sem styrkir ferðaþjónustu á svæðinu.

Stærðir lóða og lóðamörk eru ákvörðuð á skipulagsuppdrætti á hnitsettum grunni. Breytingar verða á lóðamörkum og lóðastærðum nokkurra lóða en leitast verður við að breytingarnar rýri sem minnst núverandi lóðir. Afmarkanir lóða byggjast á eldri lóðaleigusamningum, afstöðumyndum og núverandi staðháttum. Í þessari töflu er lóðaskrá með upplýsingum um allar lóðir á skipulagssvæðinu. Þar kemur fram gerð lóða, byggingarár, stærð bygginga og samanburður á lóðastærðum skv. fasteignaskrá og nýju deiliskipulagi. Með staðfestingu á deiliskipulaginu falla úr gildi eldri lóðaleigusamningar.

| Heimilisfang | Gerð | Byggingarár | Birt stærð m² *(skv. fasteignaskrá)* | Lóðastærð m² *(skv. fasteignaskrá)* | Lóðastærð m² *(skv. deiliskipulagi)* | Breyting m² *(m.v. fasteignaskrá)* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hafnargata 2 | Atvinnuhús | 1981 | 800 | 1700 | 1844 | +144 |
| Hafnargata 2a | Atvinnuhús | 1990 | 154 | Ný lóð | 464 | - |
| Hafnargata 4 | Atvinnuhús | 1965, -66 | 1275 | 3000 | 3000 | - |
| Hafnargata 6 | Atvinnuhús | 1961, -96 | 85,4 | 600 | 683 | +83 |
| Hafnargata 8 | Atvinnuhús | 1997 | 421,6 | 1950 | 1950 | - |
| Höfn / Hafnartangi 1 | Íbúðarhús | 1952 | 70,7 | 816 | 493 | -403 |
| Hafnartangi 2 | Íbúðarhús / Verslun/þjónusta | 1906 | 166,1 | 200 | 305 | +105 |
| Hafnartangi 3 | Ferðaþjónusta | Óbyggt | - | Ný lóð | 63 | - |
| Hafnartangi 4 | Verslun/þjónusta | 1947 | 163,7 | 932 | 932 | - |
| Hafnartangi 5 | Íbúðarhús / Verslun/þjónusta | Óbyggt | - | Ný lóð | 218 | - |
| Hafnartangi 6 | Íbúðarhús / Verslun/þjónusta | 1965 | 94,2 | Ný lóð | 351 | - |
| Vík/ Kötlunesvegur 1 | Íbúðarhús | 1955 | 202,9 | 126 | 795 | +669 |
| Kötlunesvegur 3 | Íbúðarhús | 1983 | 80 | 900 | 795 | -105 |

### *Byggingar og mannvirki*

Á skipulagsuppdrætti eru sýndir byggingarreitir á öllum lóðum og skulu nýbyggingar rúmast innan þeirra. Þó mega þakbrúnir, svalir, stigar og stigapallar ná allt að 0,6 m út fyrir byggingarreit, þar sem aðstæður leyfa. Fjarlægðir nýbygginga frá lóðamörkum skulu vera í samræmi við gildandi byggingarreglugerð. Gæta skal þess að byggingar hafi góð tengsl við útisvæði og huga að skjólmyndun. Lögð er áhersla á vandaða hönnun, fjölbreytta byggingarstíla og að byggingar falli vel að svipmóti byggðarinnar. Útsýni eru hluti af gæðum svæðisins og er áhersla lögð á að allar lóðir og dvalarsvæði fái notið útsýnis þar sem því er við komið.

Í skipulaginu er skilgreind ný lóð við Hafnartanga 5 en markmið með uppbyggingu á lóðinni er að endurheimta ákveðna þorpsmynd sem áður var á tanganum. Þar er leyfilegt að vera með íbúðarhús eða starfsemi sem samræmist yfirbragði og hlutverki miðsvæðis og styrkir aðdráttarafl Bakkafjarðar. Nyrst á tanganum er skilgreind ný lóð, Hafnartangi 3, fyrir byggingu sem nýtist fyrir ferðaþjónustu með salernisaðstöðu, sturtu og geymslu. Útlit og yfirbragð nýbygginga á lóðum við Hafnartanga skal falla vel að staðaranda svæðisins og vera í samræmi við horfin hús og svipmót Halldórshúss sem er elsta byggingin á svæðinu. Klæðning skal vera timbur og notast skal við jarðliti og ekki skæra liti. Byggingarnar skulu vera með mænisþaki og er heimilt að hafa kvisti.

Hafnarstarfsemi hefur færst suður við þéttbýlið og er gamla höfnin ekki nýtt í dag. Gamla höfnin er mikilvægur hluti af sögu Bakkafjarðar og var stór þáttur í atvinnulífi á staðnum. Hafnarmannvirkin hafa farið illa í veðrum og aldan rofið hluta þeirra þannig að svæðið er ekki öruggt. Aðgengi að svæðinu verður takmarkað vegna öryggissjónarmiða en á útsýnisstað á tanganum verða upplýsingaskilti sem sýna myndir og sögu svæðisins.

### *Gatna- og stígakerfi*

Göngu- og útivistarstígar

Í skipulaginu eru skilgreindir göngu- og hjólastígar um svæðið og er lögð áhersla á góðar tengingar um svæðið. Gert er ráð fyrir að yfirborð stíga verði malbikað eða steypt og breidd stíga skal almennt vera á bilinu 1,4-1,8 m. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Meðfram bakkanum er gert ráð fyrir breiðum og aðgengilegum útivistarstíg og við Bæjarvíkina er gert ráð fyrir stíg niður í fjöru. Við stíga skal gera ráð fyrir bekkjum með reglulegu millibili svo vegfarendur geti notið útsýnisins. Til að styrkja upplifun og öryggi vegfarenda skal gera ráð fyrir lágstemmdri ratlýsingu sem takmarkar þó ekki myrkurgæði og sýnileika næturhiminsins. Við val á lampabúnaði fyrir nýja göngustíga innan skipulagssvæðisins skal gæta þess að útlit götulampa og karakter götulýsingar styrki ásýnd umhverfisins og myndi fallega sviðsmynd. Velja skal lampa sem skerma ljósdreifingu og komi þannig í veg fyrir glýju eða ljósmengun á nærliggjandi umhverfi.

Aðkoma og umferð

Skipulagssvæðið er við Hafnargötu og Kötlunesveg en Hafnartangi er innan skipulagsmarka. Gert er ráð fyrir að Hafnartangi verði vistgata þar sem hámarkshraði er 10 km/klst og gangandi og hjólandi vegfarendur eiga forgang. Yfirbragð göturýmisins skal vera aðlaðandi og yfirborðsefni götunnar hellulagt. Við aðkomu að Hafnartanga skal gera ráð fyrir skiltum og upphækkun sem gefa ökumönnum til kynna að komið sé inn á vistgötu. Í skipulaginu eru bílastæði skilgreind yst á tanganum ofan við gömlu höfnina og milli Hafnartanga 5 og 4. Bílastæði eru ætluð fyrir íbúa á svæðinu, gesti og ferðamenn. Þannig verður hlutverk Hafnartanga sem miðsvæði með aðdráttarafl styrkt til muna.

Hafnargata er á vegskrá en stefnt er að því að vegurinn verði hluti af innanbæjargatnakerfi sveitarfélagsins og falli úr veghaldi Vegagerðarinnar undir lok árs 2020. Á skipulagsuppdrætti eru sýnd mörk helgunarsvæðis tengivegar sem er 15 m frá miðlínu vegar.

### *Umgjörð og dvalarsvæði*

Mikilvægt er að öll umgjörð á svæðinu og ásýnd dvalarsvæða skuli vera vönduð og göturýmið myndi fallega sviðsmynd sem styrkir staðaranda svæðisins. Huga skal sérstaklega að góðu aðgengi allra og lögð er áhersla á að skapa aðlaðandi og skjólsæl bæjarrými. Æskilegt er að hluti gróðurs á svæðinu sé sígrænn til að styrkja skjólmyndun og ásýnd svæðisins yfir vetrartímann. Á dvalarsvæðum skal gera ráð fyrir bekkjum, hjólastæðum og trjá- og runnagróðri. Nýta skal efni sem verður til á svæðinu með skírskotun í steingerðir svæðisins, rekavið og mögulega hluti er tengjast sögu byggingar eða útgerðar á staðnum. Á lóðum þar sem er athafnastarfsemi er gerð krafa um að lóðarhafar haldi umhverfi lóða sinna snyrtilegu og gróðursetji tré og runna til að milda ásýnd umhverfisins.

Á nýjum áningarstað yst á tanganum er gert ráð fyrir bættri aðstöðu til að auka útivistarmöguleika fyrir ferðafólk og íbúa. Þar er skilgreint svæði fyrir útsýnispall og náttúrulaug úr grjóti við sjávarbakkann en mikið útsýni er frá svæðinu. Koma skal upp upplýsingaskiltum við aðkomu að svæðinu og á dvalarsvæði yst á Hafnartanga. Á skiltum skal m.a. sýna gönguleiðir á yfirlitskorti af Bakkafirði og upplýsingar og myndir um sögu svæðisins og verslunar við Bakkafjörð.

### *Veitur*

Gert er ráð fyrir að öll mannvirki og nýbyggingar tengist þeim veitukerfum sem fyrir eru á svæðinu og skal aðkoma veitufyrirtækja vegna eftirlits, viðhalds og endurnýjunar tryggð. Um fráveitumál gilda kröfur laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

## ÁHRIFAMAT

Fornleifaskráning var unnin á svæðinu í ágúst 2020 af Rannveigu Þórhallsdóttur, fornleifafræðingi hjá Sagnabrunni ehf. í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Við vettvangsskoðun voru minjar staðsettar út frá loftmynd frá 1958 og gömlum myndum sem varðveittar eru á Þjóðminjasafni Íslands og myndasafni á Facebook síðunni Bakkfirðingar. Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu en heimildir fundust um friðaðar fornleifar á loftmyndum og gömlum ljósmyndum. Heimildir fundust um hús á Hafnartanga sem reyndust ýmist horfin af yfirborði eða reistar nýjar byggingar á sama stað. Minjagildi þeirra horfnu bygginga var talsvert en Halldórshús (minjar nr. 5) er það eina sem eftir stendur af timburhúsunum gömlu á Hafnartanga. Að auki fundust heimildir um járnbraut, bátalendingu og akkeri grafin í sandi sem töldust hafa talsvert minjagildi. Heimildir fundust um tvær tóftir sem höfðu lítið verndar- og minjagildi, þ.e. kálgarð og fjárhús.

Í niðurstöðu fornleifaskráningarinnar er mælst til að endurvekja gömlu húsamyndina að Hafnartanga með því að endurgera og endurbyggja timburhúsin á tanganum í samræmi við heimildir um útlit húsa og stærðir. Tekið er mið af þekktum minjastöðum í skipulaginu og í skilmálum þess er stuðlað að því að styrkja þorpsmyndina á Hafnartanga. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Á skipulagsuppdrætti eru minjastaðir merktir með tákni og númeri. Í töflunni hér eru upplýsingar um minjastaðina en nánar er fjallað um þá og niðurstöður fornleifaskráningarinnar í greinargerð fornleifafræðings.

| Nr | Minjanr. | Minjar | Aldur | Minjagildi / varðveislugildi | Lýsing | Staðsetning |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2292-1 | Heimild um horfið hús, *Mjöll* | 1906-1917 | Talsvert (5) | Horfið hús á tanganum, næst sjó. Sést á gömlum myndum og loftmyndum. | Á tanganum næst sjó |
| 2 | 2292-2 | Heimild um horfið hús, *Gamla búðin* | 1906-1917 | Talsvert (6) | Horfið hús á tanganum. Sést á gömlum myndum og loftmyndum. *Gamla búðin* var áföst við *Pakkhúsið*. | Á tanganum |
| 3 | 2292-3 | Heimild um horfið hús, *Pakkhúsið* | 1906-1917 | Talsvert (6) | Horfið hús á tanganum. Sést á gömlum myndum og loftmyndum. *Pakkhúsið* var innflutt frá Noregi og sett saman eftir númerum. Pakkhúsið var lengi notað sem samkomuhús. | Á tanganum |
| 4 | 2292-4 | Heimild um horfið hús, *Magnúsarhús* | 1906-1917 | Talsvert (6) | Braggi á ljósmynd, nú stendur bara steyptur grunnur. Á gömlum myndum og loftmyndum má sjá að eldra hús stóð á sama stað. Á svipuðum slóðum stóð sláturhús. Á bak við Magnúsarhús var plan sem lá niður á höfnina. Í Magnúshúsi var einungis búið á efri hæðinni. Á neðri hæðinni voru haldin böll á árunum í kringum 1950. | Hafnartangi 6 |
| 5 | 2292-5 | Friðað hús, *Halldórshús* | 1906 | Mikið (8) | Friðað, byggt 1906. Áður fyrr kallað *Kaupmannshús*, *Gunnlögenshús, Kaupfélagshús* og síðar *Halldórshús*. | Hafnartangi 2 |
| 6 | 2292-6 | Heimild um horfið hús, *Skjaldbreið - sjóhús* | 1906-1917 | Talsvert (6) | Horfið hús á tanganum. Sést á gömlum myndum og loftmyndum. Skjaldbreið var rislágt, ljóst hús, fyrst notað sem vörugeymsla en síðar við slátrun á kjöti og kjötsöltun og sem fiskhús. | Á tanganum, við Hafnartanga 5 |
| 7 | 2292-7 | Heimild um horfið hús, *Gamla símstöðin* | 1906-1917 | Talsvert (6) | Horfið hús á tanganum. Sést á gömlum myndum og loftmyndum. Húsið var einnig kallað *Jónshús*. Sambyggt *Gömlu símstöðinni* var skúr sem var notaður undir saltfisk. | Á tanganum, við Hafnartanga 5 |
| 8 | 2292-8 | Heimild um horfið hús, *Perlan* | 1850-1920 | Talsvert (6) | Horfið hús á tanganum. Sést á gömlum myndum og loftmyndum. | Á tanganum, sunnan við Hafnartanga 4 |
| 9 | 2292-9 | Heimild um fjárhús | 1850-1920 | Lítið (2) | Sést á loftmynd. Hlutverk að öllum líkindum fjárhús frá Höfn. | Á opnu svæði við Hafnargötu |
| 10 | 2292-10 | Heimild um kálgarð | 1880-1950 | Lítið (2) | Sést á loftmynd. Kálgarður þar sem kartöflur og rófur voru ræktaðar. Náði undir þar sem rafstöðin stendur nú. | Á lóð Hafnargötu 8 |
| 11 | 2292-11 | Heimild um járnbrautarteina | 1880-1950 | Talsvert (6) | Sést á gömlum myndum og loftmyndum. Járnbrautarteinarnir voru notaðir til að flytja saltfisk sem voru verkaðir á grindum og reitum. Reitirnir stóðu enn árið 1946. | Meðfram sjávarbakkanum við Hafnargötu 4 |
| 12 | 2292-12 | Heimild um burstabæ, *Gamli bærinn að Höfn* | 1880-1950 | Talsverð (6) | Heimild um burstabæ að Höfn. Hafnarbærinn stóð á sjávarbakkanum við Bæjarvík (Hafnarvík), nyrst í þorpinu. Bærinn var stór tvíbýlisbær í burstastíl og úr rekavið að miklu leyti. Portbyggð, alþiljuð baðstofa 8,79 x 3,14 m, timburhús alþiljað með járnþaki 5,2 x 4,35 x 5,02. | Á sjávarbakkanum við Bæjarvík. |
| 13 | 2292-13 | Heimild um lendingu á Hákarlaklöppum | 1800-1950 | Talsvert (6) | Heimild um bátalendingu og kofa. Hafnarbærinn stóð á sjávarbakkanum við Bæjarvík (Hafnarvík), nyrst í þorpinu. Á Hákarlaklöpp lágu oft tugir bátar með akkeri og voru bátar dregnir upp með spili. | Hákarlaklappir nyrst á tanganum |
| 14 | 2292-14 | Heimild um akkeri | Ekki vitað | Talsvert (6) | Samkvæmt heimildarmanni liggja nokkur akkeri grafin í sand í Bæjarvíkinni. | Bæjarvík |
| 15 | 2292-15 | Heimild um horfið hús, *Nýhöfn* | 1850-1920 | Talsvert (6) | Horfið hús, Nýhöfn. | Á bakkanum við Hafnargötu 4 |
| 16 | 2292-16 | Heimild um horfin hús, *Skúrinn og Siggukofi* | 1850-1920 | Lítið (2) | Skúrinn, Sibbukofi, fjós og hænsnakofi hjá Gamla bænum að Höfn. | Hafnartangi 1 |
| 17 | 2292-17 | Heimild um horfið hús, *Kaupfélagshúsið* | 1850-1920 | Talsvert (6) | Sést á gömlum myndum. | Hafnartangi 5 |

Ein bygging á skipulagssvæðinu fellur undir lög um menningarminjar um verndun og varðveislu húsa sem eru 100 ára eða eldri. Það er Halldórshús (minjar nr. 5) sem er elsta byggingin á Bakkafirði og stendur við Hafnartanga 2. Húsið er byggt árið 1906 og er 166 m² að stærð á tveimur hæðum með risi og kjallara. Halldór Runólfsson verslunamaður reisti húsið á tanganum og rak þar verslun í Halldórshúsi til 1920. Þá var þar rekin verslunin Gunnlaugsons til 1936 en þá varð húsið að útibúi Kaupfélags Langnesinga á Bakkafirði og var það kallað Kaupfélagshúsið í daglegu tali eftir það. Talið er að verslun hafi verið í húsinu í 45-50 ár. (Heimild: Bakkfirðingar á Facebook). Það er byggt úr timbri og er eina timburhúsið sem eftir stendur af gömlum timburhúsum sem mynduðu þyrpingu á tanganum. Síðustu ár hefur verið unnið að endurbótum á húsinu til að vernda upprunalegt útlit þess. Halldórshús er talið hafa hátt varðveislugildi og vera í hæsta verndar- og minjaflokki. Húsið hefur byggingarlistrænt og menningarsögulegt gildi fyrir Bakkafjörð og er gert ráð fyrir að því verði viðhaldið og fengið nýtt hlutverk.

Bæjarvíkin er hverfisvernduð vegna sögulegra tenginga en hún er forsenda byggðarinnar á Bakkafirði. Hverfisvernd er ákvæði í aðalskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar og menningarsögulegra minja. Í deiliskipulaginu er tekið mið af því að vernda sögulega ásýnd svæðisins og gert er meðal annars ráð fyrir að á svæðinu verði dvalarsvæði með skiltum með sögulegum upplýsingum. Það er markmið sveitarfélagsins að hvert tímabil byggingarsögunnar eigi sér fulltrúa í bæjarmyndinni og lögð er áhersla á endurgerð gamalla húsa og vaðveislu muna tengdum fyrri byggð og menningu.

Deiliskipulagið skilgreinir ekki heimildir til framkvæmda sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagið fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Þó er lagt mat á áhrif skipulagsins skv. 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Fyrirhuguð uppbygging og starfsemi á skipulagssvæðinu er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag, svipmót byggðar og ásýnd umhverfisins. Uppbygging á svæðinu er liður í að styrkja innviði samfélagsins og talin hafa jákvæð áhrif á aðdráttarafl Bakkafjarðar.

## SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing var auglýst 6. júlí 2020 á heimasíðu Langanesbyggðar, samfélagsmiðlum og í fréttabréfinu Skeglan. Þá var dreifibréf sent í öll hús á Bakkafirði. Frestur til að skila inn ábendingum um skipulagslýsinguna var til 22. júlí. Umsagnir um lýsinguna bárust frá umsagnaraðilum sem voru eftirfarandi: Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Minjastofnun Íslands. Tekið var tillit til þeirra ábendinga sem komu frá umsagnaraðilum við gerð skipulagstillögu.

Skipulagsdrög voru kynnt á heimasíðu og samfélagsmiðlum Langanesbyggðar þann 14. ágúst 2020. Þá var dreifibréf sent í öll hús á Bakkafirði og birtist auglýsing í fréttabréfinu Skeglan. Skipulagsgögn voru aðgengileg íbúum og hagsmunaaðilum á skrifstofum sveitarfélagsins og heimasíðu og var gefið tækifæri til að senda inn ábendingar um drögin til 24. ágúst í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið
skv. ákvæði 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010
frá ____________ til ____________ var samþykkt í
sveitarstjórn Langanesbyggðar þann______________ .

________________________
Sveitarstjóri Langanesbyggðar

Augýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild
Stjórnartíðinda þann___________.

## SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk 4,2 ha
- Byggingar innan skipulagssvæðis
- Byggingar utan skipulagssvæðis (til skýringar)
- Opið svæði
- Gata
- Bílastæði
- Stígar
- Húsnúmer
- Lóðamörk
- Byggingarreitir
- Flatarmál lóðar (1500 m²)
- Skilmálar um byggingarreiti (ÞÁ I / 24 m² | 4 m): Tegund byggingar (ÍB, A, VÞ) og hæðir (I, II) / Hámarks byggingarmagn | Hámarks þakhæð
  - ÍB Íbúðarhús
  - A Atvinnuhúsnæði
  - VÞ Verslun/þjónusta
  - S Ferðaþjónusta - salernisaðstaða
- Hafnarsvæði *takmarkað aðgengi*
- Kvöð um gróður
- Gróður (leiðbeinandi)
- Útivistarpallur
- Dvalarsvæði
- Heit náttúrulaug úr grjóti
- Kennileiti / listaverk
- Minjastaður, hnitaskrá:

| nr. | x | y |
|---|---|---|
| 1 | 690057.961 | 622124.888 |
| 2 | 690047.000 | 622126.000 |
| 3 | 690036.000 | 622116.000 |
| 4 | 690044.886 | 622089.865 |
| 5 | 690056.644 | 622099.376 |
| 6 | 690055.000 | 622081.000 |
| 7 | 690062.000 | 622082.000 |
| 8 | 690092.000 | 622027.000 |
| 9 | 690114.107 | 621937.493 |
| 10 | 690082.624 | 621867.732 |
| 11 | 690025.831 | 621890.158 |
| 12 | 690137.000 | 622036.000 |
| 13 | 690054.000 | 622142.000 |
| 14 | 690094.000 | 622128.000 |
| 15 | 690021.000 | 621886.000 |
| 16 | 690112.000 | 622031.000 |
| 17 | 690054.000 | 622073.000 |


Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is


**HAFNARTANGI Á BAKKAFIRÐI**
DEILISKIPULAG tillaga

*Skipulagsuppdráttur og greinargerð*

KVARÐI A1 1:1000 / A3 1:2000 | DAGS. 1. október 2020 | SKIPULAG: ABÓ, AKG TEIKNAÐ: AKG

VERKNR. DI2002 | TEIKN nr. 1 | Br.